

### 383. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 23. nóvember 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður  
Eyþór Benediktsson  
Guðmundur Kristinsson  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

#### 1. Fjárhagsáætlun 2005.

**Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:**

**Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2005.**

<b>Fasteignaskattur A-flokkur</b>	<b>0,43%</b>
<b>Fasteignaskattur B-flokkur</b>	<b>1,65%</b>
<b>Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis</b>	<b>2,00%</b>
<b>Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis</b>	<b>2,50%</b>
<b>Lóðarleiga ræktunarland</b>	<b>6,00%</b>
<b>Vatnsskattur íbúðarhúsnæði</b>	<b>0,27%</b>
<b>Vatnsskattur atvinnuhúsnæði</b>	<b>0,44%</b>
<b>Vatnsskattur samkvæmt magnmæli</b>	<b>15 kr./m<sup>3</sup></b>
<b>Holræsagjald íbúðarhúsnæði</b>	<b>0,20%</b>
<b>Holræsagjald atvinnuhúsnæði</b>	<b>0,20%</b>

**Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. ílát/tunnu 19.000 kr.**

**Sorphirðu og/eða sorpeyðingagjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.**

**Fasteignaskattur verði felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem njóta fullrar tekjutryggingar og búa í eigin húsnæði. Þeir sem hafa skerta tekjutryggingu fái 50% afslátt af fasteignaskatti.**

**Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2005.**

**Tillögu vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.**

**Fjárhagsáætlun 2005 rædd og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.**

2. Kjarasamningur kennara og bráðabirgðamat á kostnaðaráhrifum.  
**Kjarasamningur framlagður og ræddur.**
3. Fundargerðir nefnda.  
3.1. Safna- og menningarmálanefnd, dags.22.11.2004.  
**Fundargerð framlögð.**
4. Samningur við ARKÍS um hönnun leikskóla í Stykkishólmi.  
**Bæjarráð samþykkir framlagðann samning. Guðmundur Kr. sat hjá.**
5. Áskorun félags smábátæiganda á Snæfellsnesi til sjávarútvegsráðherra.  
**Bæjarráð tekur undir áskorun félags smábátæiganda á Snæfellsnesi til sjávarútvegsráðherra, varðandi reglugerðarlokun á grunnslóð við sunnanverðan Breiðafjörð.**
6. Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga.  
**Bæjarráð samþykkir að fella niður óinnheimt útsvar frá 1999 og eldra.**

Fundargerðin upplestin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 18:18  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari